

# Segjum *Nei takk*

## við aðildarviðræðum

### 1. Meirihluti vill ekki ESB

Meirihluti landsmanna vill ekki ganga í ESB. Minnihluti þingmanna styður aðild og einn af ríkisstjórnarflokkunum er andvígur aðild. Engin sátt um að hefja aðildarferlið.

### 2. Kostnaður telst í milljörðum

Ríkisstjórnin áætlar að beinn kostnaður við aðildarviðræður muni nema tveimur milljörðum króna sem er líklega vanmat. Kostnaður sveitarfélaga, samtaka og fyrirtækja sem þurfa að leggja fram vinnu í aðildarferlinu hefur ekki verið metinn.

### 3. Óljós ávinningur

Ísland hefur nú þegar aðgang að innri markaði ESB og yrði fyrsta landið í áratugi sem sækist eftir aðild án þess að hafa fjárhagslegan hag af því. Aðildargjöld myndu nema tugum milljarða árlega og ESB áformar verulegar hækkningar á þeim.

### 4. Aukin óvissa

Aðildarferli væri skref í átt að gjörbreyttu umhverfi undirstöðuáttvinnuvega landsins. Það gæti dregið úr fjárfestingu í landbúnaði, matvælaframleiðslu, fiskvinnslu og fleiri greinum.

### 5. Biðstaða í utanríkismálum

Gerð fríverslunarsamninga er á forræði ESB og taki Ísland stefnuna inn fyrir tollmúra ESB er ólíklegt að erlend ríki vilji ræða fríverslun við Ísland.

### 6. Röng forgangsröð

Aðildarviðræður kalla á mikla vinnu hjá ráðuneytum, ríkisstofnunum, sveitarfélögum, aðilum vinnumarkaðar og hagsmunasamtökum. Þetta mun óhjákvæmilega bitna á brýnni verkefnum.

### 7. Þjóðin klofin næstu ár

Nei takk í ágúst leggur málið til hliðar, en já þýðir að tekist verður á um framtíð Íslands af vaxandi þunga næstu misseri. Aðildarviðræður við ESB ættu ekki að vera á dagskrá nema aukinn meirihluti landsmanna hafi áhuga á aðild og meirihluti sé fyrir aðild á Alþingi.

### 8. Óljóst samningsumboð

Í aðildarviðræðunum sem hófust 2009 samþykkti Alþingi skýr markmið og línur sem ríkisstjórnin mátti ekki víkja frá í aðildarviðræðum. Ríkisstjórninni var einnig skylt að upplýsa Alþingi reglulega um gang viðræðna. Segi þjóðin já í ágúst er óljóst hvort þessir fyrirvarar halda.

### 9. Samningur breytir ekki ESB

Aðildarsamningur breytir því ekki að stór og vaxandi hluti ríkisvalds flyst til ESB, áhrif Íslands í ESB yrðu hverfandi lítil, tollar ESB koma á 70% allra vörunúmera í stað aðeins 10% í dag. Ísland mun greiða með sér tugi milljarða árlega til ESB. Aðildarsamningur breytir því ekki að ESB hefur dregist aftur úr öðrum hagkerfum og að efnahagshorfur þar eru slæmar. Auk þess er ESB í stöðugri þróun í átt að aukinni miðstýringu og hervæðingu.



Heimssýn - Hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum

heimssyn@heimssyn.is

Kennitala: 680602-5810

Banki: 101 -26-5810 Frjáls framlög velkomin.



# Hvers vegna ESB

## *hentar ekki Íslandi*



### 1. Ólíkar aðstæður

Hagkerfi Íslands byggir á auðlindum og landið er fjarri meginlandi Evrópu. Aðstæður okkar, tækifæri og áskoranir krefjast öðruvísi löggjafar og skjótari viðbragða en hægt er að búast við af embættismönnum í Brussel. Við þurfum að stýra okkar eigin málum. Regluverk og stjórnsýsla ESB er hvort tveggja of dýrt og viðamikið fyrir Ísland.

### 2. Áhrifaleysi

Ísland yrði fámennasta ríki ESB og hefði minnst áhrif. Við ættum eitt sæti af 28 í leiðtogaráðinu, eitt af 28 sætum í ráðherraráðinu en aðeins 1/1000 af atkvæðavæginu. Ísland fengi sex þingmenn af 720 og mætti tilnefna fulltrúa í framkvæmdastjórn ESB en hann mætti ekki ganga erinda Íslands.

### 3. Ólíkir hagsmunir

Áhrifaleysi Íslands er áhyggjuefni því hagsmunir okkar og ESB eru ólíkir. Ísland ræður yfir auðugum fiskimiðum, stórri efnahagslögsögu og hreinni orku. Allt er þetta af skornum skammti í ESB. Þjóðartekjur Íslands á íbúa eru tvöfalt hærra en meðaltalið í ESB. Reikna verður með að ESB taki hag heildarinnar fram yfir hagsmunum Íslands.

### 4. Tollar hækka

ESB er tollabandalag sem leggur tolla á um 70% af öllum innfluttum vörutegundum en Ísland á aðeins um 10% vörutegunda. Við aðild myndi tollur á kínverska rafbíla hækka úr 0% í allt að 45%. Tollur á föt úr 0% í 12% á skó í allt að 17%. Rafhjól úr 0% í 10-70%. ofl. mætti nefna. Kolefnistollar ESB falla á áburð, sement ofl. Verðlag innan ESB verður því almennt hærra en utan þess. Tekjur af tollum renna að 3/4 til ESB.

### 5. Efnahagsleg stöðnun

Hagvöxtur í ESB hefur verið helmingi hægari en í Bandaríkjunum og á Íslandi. Ástæðurnar eru margar, svo sem íþyngjandi regluverk, hátt orkuverð, skortur á nýsköpun og fyrirtækjaflótti.

### 6. Evran er vandamál

Hagkerfi Íslands er kraftmikið og sveiflukennt. Með krónu hefur hagkerfið jafnað sig hraðar eftir áföll. Með evru leiða áföll frekar til atvinnuleysis, gjaldþrota og búferlaflutninga í stað verðbólgu. Peningastefna sem tekur ekkert mið af aðstæðum okkar getur valdið miklu tjóni.

### 7. Tugmilljarða framlög til ESB

Árlega myndi Ísland greiða ESB 0,7% af þjóðarframleiðslu, 0,3% af VSK-tekjum og 75% af innheimtum tollum. Samtals um 50 milljarða króna árlega. Við fengjum aðeins brot af því til baka því við stöndum mun betur en hin aðildarríkin. ESB hefur kynnt áform um að hækka þessi gjöld um meira en helming. Við þetta bætast framlög til átaksverkefna ESB, oft tugir milljarða árlega.

### 8. Hervæðing

Bæði ummæli leiðtoga og viðhorfsskannanir sýna vilja til að stofna sameiginlegan her í ESB. Stór og dýr átaksverkefni til að efla vígbúnað aðildarríkja og samstarf þeirra á þessu sviði eru í gangi.

### 9. Útganga bæði erfið og dýr

Útganga Breta úr ESB var bæði erfið og dýr sem staðfestir að innganga í ESB er verður ekki auðveldlega aftur tekin. Auk þess eru engin ákvæði í reglum ESB um hvernig tryggja eigi örugga útgöngu fyrir þau ríki sem hafa tekið upp evru.



Heimssýn - Hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum

heimssyn@heimssyn.is

Kennitala: 680602-5810

Banki: 101 -26-5810 Frjáls framlög velkomin.

